


Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk
2006–2007



Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu
Einarsdóttur og Þórði Helgasyni til flutnings á lokahátíð Stóru
upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2007.

Búningur sögunnar eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur er miðaður við
munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar
er fellt úr og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til
glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2007

Efni kversins

<i>Um þetta kver</i>	3
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	4
<i>Yfirlit um valda texta og flytjendur í fyrstu umferð</i>	5
<i>Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni Sjáumst aftur</i>	7
<i>Önnur umferð: Ljód eftir Jónas Hallgrímsson</i>	27

Um þetta kver

Í þessu kveri er skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2007. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljód að eigin vali.

Í fyrstu umferð veita lesnar svipmyndir úr sögunni *Sjáumst aftur* ... eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur. Þessar svipmyndir skiptast í átján hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Undirbúningsnefnd mælir með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1-5, 10-12
9 lesarar	1-6, 10-12
10 lesarar	1-7, 10-12
11 lesarar	1-7, 10-12, 18
12 lesarar	1-12
13 lesarar	1-12, 18
14 lesarar	1-7, 10-12, 15-18
15 lesarar	1-14, 18
16 lesarar	1-7, 10-18

17 lesarar	1-17
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa alla þá kafla, sem valdir eru á hverri hátíð, í viku til tíu daga en þurfa ekki að æfa annað. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljód eftir Jónas Hallgrímsson. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í kverinu.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljód algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að sögu Gunnhildar Hrólfsdóttur, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að ljóðunum eftir Jónas Hallgrímsson, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljód að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Yfirlit um valda texta og flytjendur í fyrstu umferð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð:

Svipmyndir úr skáldsögunni *Sjáumst aftur* ...

eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur.

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppinnar að þessu sinni eru tvö:

Gunnhildur Hrólfsdóttir og *Jónas Hallgrímsson*.

Gunnhildur Hrólfsdóttir fæddist árið 1947 í Vestmannaeyjum og ólst þar upp. Hún vann við fjölbreytt störf víða um land áður en hún fór að skrifa bækur fyrir börn og unglinga. Fyrsta bók hennar, *Undir regnboganum*, kom út árið 1980 og síðan hefur hver bókinn rekið aðra, alls sautján, auk tveggja leikrita. Fyrir verk sín hefur Gunnhildur fengið nokkur verðlaun og viðurkenningar. *Sjáumst aftur* ..., bókinn sem hér verður lesið úr, kom út árið 2001 og fyrir hana fékk Gunnhildur Íslensku barnabókaverðlaunin sama ár. Framhald hennar heitir *Allt annað líf* og kom hún út næsta ár. Allt bendir til að Gunnhildur eigi enn eftir að gleðja lesendur sína með nýjum bókum.

Sagan *Sjáumst aftur* ... segir frá Kötlu, tólf ára gamalli stúlku sem flyst með foreldrum sínum til Vestmannaeyja. Þau setjast að í gömlu timburhúsi sem reynist geyma ýmsa leyndardóma úr fortíðinni, t.d. gamla klossa sem hafa dularfull áhrif þegar einhver fer í þá. Katla og Júlía, vinkona hennar, prófa klossana saman og kynnast Guðrúnu og lífi hennar í Eyjum þegar allt var með öðrum brag.

1. Katla finnur klossa inni í skáp

Katla mátaði klossana. Í einni svipan breyttist umhverfið. Katla glennti upp augun og varð svo mikið um að augnablik gat hún hvorki hrært legg né lið. Var hana að dreyma? Veggurinn á ganginum sem blasti við augum hennar var nú grænn, nema miðflöturinn sem var veggfóðraður, rammaður mjóum listum. Hún starði og þorði ekki einu sinni að snúa höfðinu. Hvað var að gerast? Hún stóð lengi kyrr áður en hún áráddi að hreyfa sig. Hjarta hennar sló örar þegar hún fetaði sig hikandi skrefum inn í stofuna. Fyrir gluggunum héngu dökk gluggatjöld og við vegginn var hár svartur ofn. Kringlótt borð var í horninu með blúndudúk sem á stóð lítill blómavasi. Úr stofunni var opið fram í eldhúsið og þar var einhver. Mamma, hugsaði hún fegin. Hún ætlaði að spyrja hana hvers vegna allt væri svona skrítið inni í húsinu og flýtti sér að dyrunum en fékk um leið högg á andlitið. Hún stundi af sársauka, greip um andlitið og hrökklaðist aftur á bak. Um leið missti hún af sér skóna og á sömu stundu hvarf sýnin. Þar sem henni hafði virst vera dyr var bókahillan sem stóð upp við vegginn.

– Hó, hó, ég er komin.

Katla slagaði á móti mömmu sinni og hélt um nefið.

– Guð minn góður, hvað er að sjá þig? hrópaði mamma.

2. Katla kynnist Guðrúnu

Bara að hún gæti einhvers staðar fundið næði til að fara í skóna. Loks hugkvæmdist henni að fara í kirkjugarðinn. Þar var sjaldan fólk á ferli, allra síst á virkum degi.

Hún snaraði af sér pokaunum, þreifaði eftir klossunum, lyfti þeim upp og starði á þá um stund. Svo klæddi hún sig úr skónum, lét þá ofan í pokann, dró djúpt andann og stakk fótunum í tréskóna.

Umskiptin voru svo snögg að hún greip andann á lofti. Umhverfið var gjörbreytt og hún leit forviða í kringum sig. Jörðin var nú héluð og þar sem áður var úfið hraun var aflíðandi jörð upp að rótum Helgafells. Reykur liðaðist upp úr torfbæjunum, sólin skein á hafíð og handan þess á drifhvítan Eyjafjallajökul. Agndofa lét hún augun reika að kirkjunni. Hún var ekkert lík þeirri kirkju sem hún hafði daglega fyrir augum úr skólastofunni. Meðfram kirkjunni lá gata sem hlykkjaðist upp holtið og í hina áttina niður að sjó.

Fyrir utan kirkjuna og nokkra lágreista bæi var fátt um hús.

Skýndilega varð hún vör við hreyfingu fyrir aftan sig og varð svo mikið um að hún varð máttlaus í hnjúnum af hræðslu þar til hún sá að þetta var stelpan. Þetta var Guðrún.

Guðrún var í sömu fötum og síðast en um herðarnar hafði hún rífið sjal. Fætunir í trosnuðum sauðskinnsskóm voru vafðir tuskum.

– Ó, hvað mér brá, stundi Katla. Ég er hrædd, bætti hún andstutt við.

3.

– Hér er ekkert að óttast, svaraði Guðrún. Hún virti Kötlu fyrir sér, leit svo í átt til hafnarinnar. Katla var gripin kviða um að hún ætlaði að hverfa jafn skjótt og hún birtist.

– Ekki fara, það hún skjálfröðduð.

– Komdu þá, því ég má ekki slóra, svaraði Guðrún og leit aftur á Kötlu.

– Bíddu, bíddu. Ég held það sé vissara að við förum sömu leið og ég kom, sagði Katla sem óttaðist að detta um leiðin.

Þær gengu af stað og Katla vonaði að hún rækist ekki á neina hindrun eða meiddi sig.

– Hver ertu? spurði hún en áður en Guðrún gat svarað bætti hún við: Hvaða ár er hjá þér?

– Ég heiti Guðrún Jónsdóttir og að því ég best veit er árið 1853. Ég bý hjá henni Sigríði í Nýborg, hef verið þar í vist síðan móðir mín blessuð salaðist.

– Hvað ertu gömul?

– Tíu vetra. Móðir mín dó af barnsförum á Jónsmessu fyrir ári. Blessuð sé minning hennar. Faðir minn druknaði í aftaka-veðri fyrir á því ári.

– En sorglegt, var það eina sem Kötlu datt í hug að segja. Guðrún var sporlétt og svo finleg að Kötlu fannst hún eins og skessa við hlið hennar þótt hún væri aðeins tveimur árum eldri.

Hún sneiddi hjá hrúgum af hrossataði. Í túni við bæ á vinstri hönd voru tveir stórir sérkennilegir steinar með hvítum áberandi skellum. Skammt frá þeim var mylluhús líkt því sem Katla hafði séð á málverki. Spaðarnir voru hreyfingarlausir í logninu.

4.

– Hvað er þetta? hvíslaði Katla.
– Vindmyllan í Stakkagerði, svaraði Guðrún.
Katla glápti á mannvirknið og var næstum dottin um ójöfnu.
– Það er önnur í Vilborgarstöðum og ein að Ofanleiti, hélt Guðrún áfram. Nú göngum við yfir Hólshjalla. Enginn fer ótilneyddur þar hjá í myrkri því þar er reimt.

Katla hélt að Guðrún væri að gera að gamni sínu og leit á hana en Guðrún leiddi hana alvarleg áfram. Það marraði í frosinni jörðinni. Ólykt bar fyrir vitin og var svo megn að Kötlu klígiði við. Hér stóðu bæirnir þéttar og lyktin var ógeðsleg. Fyrir utan húsin voru sorphaugar þar sem hundar snuðruðu og börn sulluðu í illa lyktandi drullunni. Guðrún gekk léttstígg alla leið niður í flæðarmál. Það var enga bryggju að sjá og hafaldan gekk óheft inn á höfnina.

Opnir bátar voru í fjöruborðinu og menn í skinnklæðum köstuðu aflanum upp í sandinn. Konur með króka í báðum höndum roguðust með aflann. Þær hjuggu krókunum í hausana á fiskunum sem margir voru bæði stórir og þungir. Þóglar unnu þær sitt verk, sóttu fiskinn og drógu hann í hús í fjörukambinum. Þær voru með höfuðklúta, í síðum svartlitum pílsum sem voru rennblaut að neðan, berhentar með strigasvuntur framan á sér.

Tveir þrúðbúnir menn komu gangandi.

– Hver er þessi maður? spurði hún Guðrúnu og benti á annan þeirra.

– Kohl sýslumaður.

5.

– Ó, sagði Katla. Hún hafði augnablik haldið að þetta væri maðurinn sem hún sá í stofunni heima hjá sér en nú sá hún að þeir voru ekkert líkir. Þessi var svarthærður, hinn rauðhærður og skeggjaður.

Sýslumaður og félagi hans hurfu milli kofanna og Guðrún sneiri sér að Kötlu.

– Nú þarf ég að fara heim að vinna, sagði hún. Ég fæ ákútur fyrir að vera ekki heima að sinna verkum mínum.

– En ég þakka þér aftur fyrir blómin.

Katla hristi höfuðið. Guðrún var þarna hjá henni en hún var samt að þakka henni fyrir blómin sem hún hafði lagt á leiði hennar.

Þær gengu til baka og Katla reyndi að sneiða hjá stærstu forarpollunum.

– Hér á ég heima. Guðrún nam staðar fyrir utan hrörlega byggingu. Framhliðin var úr timbri en veggir úr grjóti og þakið var úr torfi. Katla ætlaði að spyrja hana hvernig stæði á því að skórnir hefðu þessa náttúru þegar lítil horuð kerling skaust út um dymar og þreif óþyrmilega í eyrað á Guðrúnu.

– Afmámin þín, hvar hefurðu nú verið að slóra?

– Æ, æ, veinaði Guðrún en kerlingin lét högginn dymja á henni með skörungum sem hún hélt á í hendinni.

Guðrún bar hendurnar fyrir höfuð sér en Kötlu ofbauð svo að sjá aðfarimar að hún hrópaði upp yfir sig og stókk til að hrinda kerlingunni frá.

6.

– Láttu hana vera, hrópaði hún en fann um leið að þriðji var í hálsmálið á úlpunni hennar að aftan.

– Gættu að þér, var kallað og um leið missti hún skóna.

Ringluð leit hún í kringum sig og sá alvarlegt andlit

mannsins, sem hafði forðað henni frá að æða fyrir bíl, og reiðilegt andlit unga ökumansins.

– Það mætti halda að þú værir bæði blind og heyrnarlaus, sagði maðurinn ásakandi. Hvað varstu að hugsa?

Katla starði á manninn með opinn munninn. Hún sá reiðilegt andlit hans en var svo utan við sig að hún heyrði ekki hvað hann var að segja. Hún hristi höfuðið. Snjórinn var horfinn. Svo leit hún aftur framan í manninn sem beidd eftir að hún svaraði spurningu hans og hugsaði að hún hlyti að líta undarlega út, standandi þarna á sokkaleistunum á gangstéttinni og tautaði eitthvað um að hún hefði gleymt sér. Maðurinn beidd eftir skýringu. Vandræðaleg skimaði hún eftir tréskónum og roðinn breiddi sig um andlit hennar. Hún beygði sig eftir klossunum.

– Ég datt, tautaði hún.

Hana langaði að klæða sig aftur í skóna en þorði það ekki meðan maðurinn stóð þarna. Hvað yrði um Guðrúnu? Kerlingin var viss til að lemja hana í köku.

– Er í lagi með þig?

Hún kinkaði kalli ákaft en leit um leið í kringum sig til að vita hvar hún væri stödd. Maðurinn gekk leiðar sinnar en leit við eins og til að fullvissa sig um að það væri allt í lagi með hana.

7.

Katla brosti til hans, sparkaði af sér skónum að nýju og flýtti sér í klossana.

Guðrún lá í forinni og formælingar kerlingar heyrðust út úr torfbænum. Katla hraðaði sér til hennar og hjálpaði henni á fætur.

– Ertu meidd? spurði hún hrædd.

– Ekki alvarlega, svaraði Guðrún og reis á fætur en Katla sá að vörin hafði sprungið og kjóllinn var enn óhreinni en áður.

– Get ég eitthvað gert? spurði Katla. Hún reif af sér bakpokann, klæddi sig úr úlpunni og rétti Guðrúnu. Héma, taktu úlpuna mína, sagði hún fljótum.

Guðrún hristi höfuðið. – Það get ég ekki, sagði hún og brosti örliðið.

– Hvað get ég þá gert fyrir þig? spurði Katla.

– Nú þegar hefur þú gert það sem enginn hefur gert áður, þú hefur gefið mér blóm, sagði Guðrún og rétti fram óhreinna hendurnar sem voru harðar af erfiði og sprungnar af kulda.

Katla greip um hendurnar og starði í augun sem virtust allt of stór í mögru andlitinu.

– Hendurnar þínar eru svo mjúkar, sagði Guðrún.

Ég hef aldrei séð neinn berjja krakka eins og konan lamdi þig, sagði Katla með kökk í hálsinum.

– Það er samt margt verri en það í þínum heimi, sagði Guðrún. Hafðu augun opin. Vertu vör um þig.

– Gunna! Gunna! var hrópað innan úr bænum.

– Nú verð ég að kveðja, sagði Guðrún og dró hendurnar til sín. Svo snerist hún á hæli og hljóp inn.

8. Katla prófar klossana með Júlíu

– Nína, sagði Katla og stakk hendinni ofan í skóinn. Hún hafði ekki fyrr snert skóinn innanverðan en allt umhverfið tók stakkaskiptum. Hlýr andvari strauk vanga. Það var sumar. Grasið var grænt og jökullinn tignarlegur handan við blátt hafíð. Allt var eins og hún hafði áður séð. Lágir bæir umkringdir hlöðnum grjótgörðum kúrðu í landslaginu. Guðrún sást hvergi.

Augu Kötlu leituðu niður eftir götunni sem þær höfðu gengið síðast. Kannski hafði kerlingin lamið hana og lokað inni. En hvað hafði orðið af Júlíu? Katla leit við en kom ekki auga á vinkonu sína, aðeins fáeinar nýlegar grafir næst kirkjugarðshliðinu.

Þá var Guðrún allt í einu komin að hlið hennar. Hún var berfætt og ennþá klædd sama litlausa kjólnum. Hún tók í hönd Kötlu og Katla renndi niður lásnum á úlpunni í hlýjunni.

- Höldum af stað, sagði Guðrún.
- Hvert förum við nú? spurði Katla forvitin og gekk varlega með Guðrúnu út úr kirkjugarðinum.
- Að Brimhólum. Guðrún gekk af stað og Katla fylgdi henni.

Gatan virtist greið en Katla vissi að ekkert mátti út af bera svo hún gengi ekki á hluti sem voru henni ósýnilegir þessa stundina. Þögnin var algjör. Eftirvæntingin hrislaðist um hana og hún fylgdi Guðrúnu varfærnum skrefum.

9.

Gætilega feitaði hún sig yfir kirkjutorgið, rétti fram höndina og létti þegar hún snerti garðinn kringum kirkjuna með fingrunum. Með því að fylgja honum var hún nokkuð örugg um að ganga ekki á neitt. Þegar veggnum sleppti þurfti hún að gæta þess betur hvar hún gekk. Hér átti að vera gangstéttarbrún en hún fann hana bara ekki. Kjarkurinn dvínaði. Hún þorði ekki ein.

– Biddu, ekki fara svona hratt, það hún Guðrúnu. Svo leit hún við. Hvað hafði orðið af Júlíu?

Ekki vogaði hún að taka höndina upp úr skónum og hverfa til nútímans af ótta við að týna Guðrúnu. Hún stóð um stund hikandi þegar hún fann tekið í hönd sína. Hún andvarpaði af feginleik og þær gengu aftur af stað.

Frá hólum sem þær náguðust bárust köll og hróp. Nokkrir menn komu í ljós. Þeir gengu teinréttir og í takt. Um axlir höfðu þeir byssur og sverð við belti.

Þær Guðrún gengu upp á hól og þaðan höfðu þær gott útsýni yfir svæðið.

– Hvað eru þeir að gera? hvíslaði hún að Guðrúnu.

– Þeir eru í hernum, svaraði Guðrún.

– Hvaða her?

– Hernum sem stofnaður hefur verið til varnar

Vestmannaeyjum ef óvini ber að.

Aldrei hafði Katla heyrt um her í Eyjum og hún horfði heilluð á.

10. Draugar í kirkjugarðinum

Hún lagðist upp í rúmið og setti klossana á fætur sér. Um leið setti að henni kuldahroll. Þegar hún leit upp sá hún að naglar stóðu niður úr timburloftinu, snjóél lamdist á glugganum og gustaði inn með einföldum rúðunum. Guðrún stóð skyndilega á gólfinu. Hún var klædd í sítt dökk pils og treyju og um axlirnar var vafið móleitu, þrjónuðu, götöttu sjali með kögri. Á fótunum hafði hún tréskó. Skrifíð, hugsaði Katla. Hún er með skóna á fótunum, ég er með skóna á fótunum. Þetta var svo fjaránlegt að hún skellti upp úr. Guðrún leit til hennar og brosti.

- Hvað ert þú að gera í þessu húsi? spurði Katla.
- Þú ert í skónum mínum, sagði Guðrún.
- Viltu fá þá? Katla rétti fæturna fram.
- Nei, ég var búin að láta þá og þeir enduðu í skúffunni þar sem þú fannst þá.
- Átirðu heima hér?
- Nei. Stúlkan sem eignaðist skóna var hér í vist hjá sýslumannshjónunum.
- Hún hefur ekki verið gömul.
- 10 eða 11 vetra.
- Passaði hún börn?
- Meðal annars. Annars gekk hún í öll verk. Guðrún yppti öxlum eins og henni þættu þetta undarlegar spurningar.

11.

– Þú ert þreytuleg. Ertu oft þreytt? spurði Katla og horfði á lélegan fatnað Guðrúnar.

– Já, stundum. En sá sem ekki vinnur fær ekkert að borða. Stundum hef ég óskað að ég væri dain og komin til guðs eins og mamma, ætti heima annars staðar, eða að ég væri karlmaður, bara eitthvað annað en stelpa sem allir geta skammað og skipað. En ég er samt ekki myrkrfælin eins og margir karlar. Hún kímði og brá horninu á sjalinu fyrir munninn.

– Hvað er svona hlægilegt? spurði Katla forvitin.

– Það gerðist heima hjá mér að fóstri minn og fleiri karlar voru eitt kvöldið að segja draugasögur. Logandi hræddir voru þeir orðnir en vildu samt ekki bekenna það.¹ Daginn eftir fór einn þeirra upp í kirkjugarð og lagði merktar tóbaksdósir sínar á nýlegt leiði.

– Til hvers? spurði Katla undrandi.

– Kvöldið eftir hittust þeir aftur og hófu að mana hver annan til að sækja dósirnar, hélt Guðrún áfram sögunni. Enginn þeirra vogaði sér í myrkrinu. Þegar ég kom inn frá því að bera út öskuna kölluðu þeir á mig og inntu mig eftir því hvort ég þyrði í garðinn. Ég hafði nóg að starfa og spurði hvort einhver þeirra eða strákarnir, jafnaldrar mínir, gætu ekki farið, ég ætti enn ólokið verkum. En enginn þeirra þorði.

Þeir sögðust ætla að gefa mér skilding ef ég skryppi í garðinn og sækti tóbaksdósir sem væru á tiltekinni gróf. Ég féllst á það og fékk leyfi fósturu minnar fyrir ferðinni.

¹ *bekenna*: viðurkenna

12.

- Förstu ein?
 - Já, já, Tunglið óð í skjjum svo ég sá ágætlega til á göngunni. Þegar ég kom í garðinn gekk ég beint að leiðinu, fann dósirnar og skundaði til baka.
 - Varstu ekki hrædd?
 - Ég steig ekki gýpinn framan í drauga.²
 - Ha?
 - Ég hræddist ekki drauga.
 - Drauga? Katla talaði svo lágt að varla heyrðist.
 - Já, það er víða reimt, sagði Guðrún og lækkaði róminn.
- Hún leit svo einkennilega á Kötlu að hrollur fór um hana. Í Júlíushaab gekk verslunarstjórinn aftur.
- Hvað áttu við?
 - Föstra mín sagði mér þá sögu að einn af dönsku verslunarstjórnum hefði verið hinn mesti misindismaður og höfðu eyjarskeggjar fengið að kenna á því. Þegar hann dó og lík hans stóð uppi voru menn fengnir til að vaka yfir því eins og siður er. Hinar fyrstu nætur sem þeir vöktu var þeim ekki vært fyrir reimleik. Þeir heyrðu alls konar hávaða og ill læti.
 - Hvernig, hvernig þá? stundi Katla.
 - Það heyrðist gengið um stiga. Tvístigið var í hverja rim á járnúðum tréskóm eins og stappað væri snjó af fótum.

Katla var hrædd og fannst hún sjálf heyra gengið um trégólf. Hún hafði lesið um danskan verslunarstjóra sem hafði sprengt sig í loft upp á Tanganum. Í ofboði kippti hún fótunum úr skónum og um leið og hún ýtti þeim undir rúmið opnuðust dyrnar og pabbi hennar leit inn.

² *gýpur* lk. *stíga gýpinn*: tvístíga, vera í einhverju ráðleysi með sig.

13. Katla fer á bókasafnið

Hann lagðist í rigningar og köld þoka smaug ofan um hálsmál og settist í hárið. Flug lá niðri og ferðir til og frá eynni voru farnar sjóleiðina. Jólin nálgðuust og hún saknaði Reykjavíkur.

Hún leit á klukkuna. Það var ennþá tími til að fara á bókasafnið og skoða kirkjubækurnar eins og hún hafði ætlað að gera.

Það var margt fólk á safninu. Eftir nokkra bið fór hún niður í kjallara í fylgd Margrétar bókararðar sem tók fram afrit af kirkjubókum.

– Frumritin eru á Landsbókasafninu í Reykjavík, sagði Margrét. Að hverju ertu að leita?

– Guðrúnu Jónsdóttur sem ég held að hafi fæðst árið 1843, sagði Katla.

Hún horfði spennt á Margréti fletta.

- Héna er ein, sagði hún hugsi, en hún er fædd 1842.
 - Og hvað? Katla hallaði sér yfir bókina.
 - Guðrún Jónsdóttir, fædd í Hlíðarhúsi 27. ágúst 1842.
 - Ekkert annað? Katla leit spyrjandi á hana.
 - Það verður að leita víðar ef þig langar að vita meira.
 - Hvernig? Ég get ekki lesið þessa skrift, sagði Katla vonsvikin.
 - Við skulum sjá. Hvar átti hún heima?
 - Í Nýborg, sagði Katla ákóf.
- Margrét fletti og las um stund.

14.

– Hér er skráð í húsvitjun 1850 að í Nýborg sé 8 ára tókubarn, Guðrún Jónsdóttir.

– Sérðu meira? Katla íðaði af forvitni.

Margrét renndi fingri yfir síðurnar

– Ég er komin til ársins 1864. Hér stendur að til heimilis í

Nýborg séu Sigríður Steinsdóttir 76 ára, Ingimundur Sigurðsson 34 ára, Guðrún Jónsdóttir 22 ára.

Enn fletti Margrét:

– Hér stendur ..., hún hikaði. Hér stendur, og það er árið

1870: Guðrún Jónsdóttir látin úr langvarandi brjóstveiki.

– Dáin. Katla fékk kökk í hálsinn.

– Syni hennar, Tómasi Ingimundarsyni, 6 ára, komið í föstur í Stakkagerði.

– Syni, hvíslaði Katla.

– Hún hefur dáið 28 ára gömul. Margrét leit á hana. Er það fleira sem þú þarft að vita? hélt hún áfram. Ég hef ekki meiri tíma núna, bætti hún við, en ég gæti leitað betur seinna.

– Nei, nei, það var þetta sem ég var að leita að, svaraði Katla ráð.

Hún þakkaði Margréti fyrir hjálpina og rölti heim. Guðrún var dáin aðeins 28 ára. Katla var svo sorgmædd að hún var næstum farin að gráta þarna ein á göngu sinni í rigningunni. Svo tók hún sig á. Hvað var að henni? Auðvitað var Guðrún dáin, það vissi hún manna best. En hún hafði eignast son.

Skyldi hún hafa verið gift? Það hafði ekki komið fram í bókinni.

15. Katla og Júlía hitta Guðrúnu

Katla taldi upp að þremur og samtímis stungu þær höndunum enn einu sinni í gömlu slitnu tréklössana.

Þær voru staddar í gjörólíku umhverfi en á sama stað. Í stað hússins sem þær höfðu haft fyrir augunum augnabliki fyrr blasti nú höfnin og Heimaklettur við. Stormurinn var svo ofsalegur að brimið rauk upp um allan Klett. Fólk á ferli barðist við veðrið. Allir sem einn voru á leið niður að hafnarvæðinu.

– Vá, þetta er ótrúlegt, stundi Júlía. Hvar er hún? bætti hún við og skimaði eftir Guðrúnu.

Katla leit um öxl og sá útihurðina á gamla bænum þokast upp og Guðrúnu smeygja sér út. Hún benti og Júlía tók andann á lofti þegar hún sá veruna sem henni fannst hún farin að þekkjja.

– Hæ, stamaði hún út úr sér.

Guðrún leit ekki í áttina til þeirra heldur hljóp við fót, sömu leið og allir hinir.

Hvað var að? Kötlu fannst Guðrún eitthvað breytt og hún hafði ekki heilsað. Svo áttaði hún sig. Guðrún var ekki krakki núna, hún var ung kona. Þegar hún vaðði sjalínu fastar að sér sást að hún gekk með barn. Fas hennar bar vott um angist þegar hún hljóp niður að sjónum.

16.

Rokið sem reif og sleit í síð pils Guðrúnar og hinna kvennanna hreyfði ekki fót stelpnanna. Austanáttin var hrikaleg og fólkið skýldi höfðinu og hallaði sér í veðrið. Vinkonurnar horfðust í augu, gripu þéttar hvor um hönd annarrar og fíkrúðu sig af stað.

– 28, hvíslaði Júlía og nam staðar. Við verðum að komast yfir götuna.

– Það eru 11 skref, hvíslaði Katla á móti. Við göngum bara varlega.

Klakklaustr komust þær yfir götuna, meðfram húsinu og niður í sandinn.

Brimskafli leiddi óhindrað inn alla höfnina og þeir skullu á Heimakletti og ströndinni af miklum þunga. Katla gríndi í veðrið. Á höfninni voru mörg áskip. Þau voru bundin við akkeri en stungust ótt og títt í öldurnar og virtust mörg hálffull af sjó.

Börn grétu og þrýstu sér að mæðrum sínum. Hvað var það sem fólkið var að fylgjast með? Sjólöðnið bygði sýn en svo sáu þær litlu bátskelina sem var á leiðinni inn.

Öldurnar lyftu henni upp og þær sáu áhöfnina róa fyrir lífi sínu. Menn, konur og börn fylgdust með fleytunni sem skoppaði á þungum öldunum. Andlit allra voru stjörf af ótta.

Bátinn bar hratt undan veðrinu. Vonandi næði hann landi.

Katla fylgdi bendingu Júlíu og sá Guðrúnu sem hafði hlaupið niður í fjöruna. Brimfroða náði fótum hennar en hún skeytfti því engu.

17.

Stelpurnar gátu ekki varist því að hljóða upp þegar ægilegur brimskafli byltist inn höfnina. Hann náði litla bátum, braut yfir hann og keyrði hann niður. Hann kom ekki upp aftur. Fólkið stóð bugað. Sumir veinuðu og hlupu fram í flæðarmálið.

Harmur þeirra var svo sár að báðar stelpurnar brustu í grát. Vesalings fólkið. Karlarnir struku augun en störfu samt

þrjúskulega á móti veðrinu haldandi í vonina um að einhverjum skolaði á land. Konur og börn grétu.

Guðrún hafði fallið á hnén í flæðarmálinu. Tvær konur hröðuðu sér til hennar og reistu hana á fætur. Hún slagaði á milli þeirra þegar þær leiddu hana framhjá stelpunum sem störfu agndofa á hörmungarnar.

– Hvað er að ykkur, stelpur mínar?

Í fátí reif Katla höndina upp úr skónum og starði á manninn sem stóð fyrir framan þær. Hún gaf Júlíu olnbogaskot og sá hana koma til veruleikans. Þær þurrkuðu tár sín í flýti.

– Hvað er að? Maðurinn var fullorðinn, gráhærður með gleraugu og horfði áhyggjufullur á stelpurnar til skiptis.

– Æ, bara ... Kötlu var orða vant.

– Við ... Júlía leit niður, saug upp í nefið og ýtti við óhreinu súkkulaðibréfi með tanni.

– Hvers vegna eruð þið að gráta? spurði maðurinn vingjarnlega.

– Oh, við sáum dálítið hræðilegt, stundi Júlía.

– Við sáum bát farast og alla mennina drukkna, bætti Katla við og þurrkaði augun.

18. Ný ævintýri

Þeim fannst kennslan aldrei ætla að taka enda þann 8. febrúar. Loksins þegar hringt var út hentust þær heim með töskurnar. Katla tók skóna varlega upp úr skúffunni. Þaðan hröðuðu þær sér niður í bæinn. Veður var fagurt og sólin sem var farin að hækka á lofti skein á ungar konur sem gengu hlæjandi hjá með barnavagna.

Vinkonurnar litu hvor á aðra. Þetta var ekki eins auðvelt og þegar þær gátu látið myrkið skýla sér.

Eina leiðin til að fá frið var að fara bak við húsið. Eftir að hafa fullvissað sig um að enginn væri að fylgjast með þeim tók Katla upp tréklössana.

– Einn, tveir og þrír, sagði Katla og þær stungu höndunum í skóna.

Það hellirignði og allt umhverfið var eitt forarsvað. Fýlan sem Katla hafði áður fundið var megn. Hún renndi úlpunni betur að sér og litaðist um. Reykur liðaðist upp úr strompum húsanna í kring og umhverfið var kunnuglegt. Tveir karlar ösluðu forina í átt til sjávar, annað lífsmark var ekki að sjá. Katla starði heim að Nýborg. Bæjardyrnar voru opnaðar og fóstura Guðrúnar birtist. Hún gekk hratt eftir forugri götunni og reyndi að sneiða hjá stærstu pollunum.

– Við skulum koma inn, hvíslaði Katla.

Þær gengu þessi fáu skref að húsinu, ýttu upp hurðinni og skimuðu eftir myrkum göngunum. Svo fetuðu þær sig inn eftir moldargólfinu. Hjarta Kötlu var farið að slá hraðar. Hvað beið þeirra?

Önnur umferð: Ljóð eftir Jónas Hallgrímsson

Inngangur kynnis

Jónas Hallgrímsson fæddist árið 1807 að Hrauni í Öxnadal. Í ár er því haldið upp á 200 ára afmæli hans. Jónas hefur um langan aldur verið dýrkaður og dáður sem eitt helsta skáld Íslendinga frá öndverðu og þegar talað er um listaskáldið góða vita allir við hvern er átt.

Með ljóðum sínum hafði Jónas gríðarleg áhrif á íslensku þjóðina. Hann kenndi henni öðrum skáldum fremur að meta íslenska náttúru og fegurð íslenskrar tungu. Hann var þannig einn þeirra sem lagði grundvöllinn að sjálfstæði þjóðarinnar sem kann að meta framlag hans að verðleikum. Jónas er skáld Stóru upplestrakeppinnar og má minna á að 16. nóvember, fæðingardagur hans, er dagur íslenskrar tungu og upphafsdagur keppinnar ár hvert.

Óhræsið!

Ein er upp til fjalla,
yli húsa fjær,
út um hamrahjalla,
hvít með loðnar tær,
brýst í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa,
á sér ekkert hreysi
útíbarin rjúpa.

Valur er á veiðum,
vargur í fuglahjörð,
veifar vængjum breiðum,
vofir yfir jörð;
otar augum skjótum
yfir hlíð, og lítur
kind, sem köldum fótum
krafсар snjó og bitur.

Valur er í vígahuga
varpar sér á teig.
eins og fiskifluga
fyrst úr löngum sveig
hningar hringa marga;
hnyfill er að bíta;
nú er bágt til bjarga,
blessuð rjúpan hvíta!

Efst á Arnarvatnshæðum

Efst á Arnarvatnshæðum
oft hef eg klári beitt;
þar er allt þakið í vötnum,
þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir Norðurásnum
er ofurlífil tó,
og lækur líður þar niður
um lágan Hvannamó.

Á öngum stað eg uni
eins vel og þessum mér;
ískaldur Eiríksjökull
veit allt, sem talað er hér.

Ég bið að heilsa!

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,
á sjónum allar báru smár rísa
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði;
kyssi þið, báru! bát á fiskimiði,
blási þið, vindar! hlýtt á kinnnum friðum.

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr, sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með húfu og *raudan* skúf, í peysu;
þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Sáuð þið hana systur mína

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti ég falleg gull;
nú er ég búinn að brjóta og týna.

Einatt hefur hún sagt mér sögu;
svo er hún ekki heldur nísk;
hún hefur gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi,
– glóbjart liðast hár um kinn –
og hleypur þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnnum vegi.

Heylóarvísá

Snemma lóan litla í
lofti bláu „dírrindí“
undir sólu syngur:
„lofið gæsku gjafarans –
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

Ég á bú í berjamó,
börmin smá í kyrrð og ró
heima' í hreiðri bíða;
mata ég þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu friða.“

Lóan heim úr lofti flaug
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast unga smá –
alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu!

Einbúinn

Yfir dal, yfir sund
yfir gil, yfir grund
hef eg gengið á vindléttum fótum;
eg hef leitað mér að,
hvar eg ætti mér stað,
út um öldur og fjöll og í gjótum.

En eg fann ekki neinn,
eg er orðinn of seinn,
þar er alsett af lifandi' og dauðum;
Ég er einbúi nú
og á mér nú bú
í eldinum logandi rauðum.

Stökur

Enginn grætur Íslending
eínan sér og dáinn,
þegar allt er komið í kring,
kyssir torfa náinn.

Mér er þetta mátulegt,
mátti vel til haga,
hefði ég betur hana þekkt,
sem harma ég alla daga.

Lifðu sæl við glaum og glys,
gangi þér allt í haginn;
í öngum mínum erlendis
yrki ég skemmsta daginn.

Sólin heim úr suðri snýr,
sumri lofar hlýju;
ó, að eg væri orðinn nýr
og ynni þér að nýju!

Fjallið Skjaldbreiður

Fanna skautar faldi háum
fjallið, allra hæða val;
hrauna veitir bárum bláum
breiðan fram um heiðardal.
Löngu hefur Logi reiður
lokið steypu þessa við.
Ógnarskjöldur bungubreiður
ber með sóma réttnefnið.

Rið ég háan Skjaldbreið skoða,
skín á tinda morgunsól,
glöðum fágur röðulroða
reiðarslóðir, dal og hól.³
Beint er í norður fjallið friða,
fákur eykur hófaskell,
sér á leiti Lambahlíða
og litlu sunnar Hliðufell.

Hamragirðing há við austur
Hrafna rís úr breiðri gjá;
varnameiri veggur traustur
vestrið slítur bergi frá.
Glöggð ég skil hví Geitskór vildi
geyma svo hið dýra þing.
Enn þá stendur góð í gildi
gjáin kennd við almenning.

³ *röðull*: sól; morgunsólin fægir reiðarslóðir, dal og hól með glöðum sólarroðanum.

Dalvísa

Fífilbrekka! gróin grund
grösug hlið með berjalautum!
flóatetur! fífusund!
fífilbrekka! smáragrund!
yður hjá ég alla stund
uni best í sæld og þrautum;
fífilbrekka! gróin grund!
grösug hlið með berjalautum!

Gljúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í klettabröngum!
góða skarð með grasahnoss!
gljúfrabúi, hvítur foss!
verið hefur vel með oss,
verða mun það enn þá löngum;
gljúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í klettabröngum!

Bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!
sólarylur, blíður blær,
bunulækur fagurtær!
yndið vekja ykkur nær
allra best í dalnum frammi;
bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!